



# 71. ÁRSPING KSI ÞINGGERÐ

Vestmannaeyjar 11. febrúar 2017



BORGUN

Lengjan



ICELANDAIR



# KOMDU Í FÓTBOLTA!



# Pinggerð 71. ársþings KSÍ

haldið í Höllinni í Vestmannaeyjum, 11. febrúar 2017

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til 71. ársþings KSÍ. Þingið hófst á því að fallinna félaga var minnst með því að þingfulltrúar og gestir risu úr sætum og horfðu á stutt myndband. Að því loknu var þátttaka Íslands á EM í Frakklandi 2016 rifjuð upp í máli og myndum.

Geir Þorsteinsson, fomaður KSÍ, setti 71. ársþing KSÍ og mælti svo:

Velkomin á knattspyrnuþing í Vestmannaeyjum. Við höldum ársþing hér fyrir 32 árum eða árið 1985. Margt hefur breyst síðan þá en knattspyrnan stendur styrkum fótum hér í Eyjum sem fyrr og hér eru keppnislið í fremstu röð á Íslandi. Gaman er að minnast þess að Eyjamenn sendu einmitt lið í fyrsta Íslandsmótið 1912. Sú harðfyllni sem einkenndi keppnislið Eyjamanna í löngu og ströngu ferðalagi til Reykjavíkur og grimmd á leikvelli einkennir enn þátttöku ÍBV í Íslandsmótinu. Til hamingju Eyjamenn með öflugt starf og frábæran árangur í áranna rás. Ég var fulltrúi á þinginu 1985 sem Guðmundur Þ B Ólafsson stýrði farsællega. Þingið tókst einstaklega vel, sterk bönd mynduðust milli þingfulltrúa og ekki skemmdi fyrir að ófært var þegar halda skyldi heim á sunnudegi.

Þátttaka Íslands á EM 2016 verður lengi í minnum höfð. Árangur landsliðsins var umfram væntingar og vakti athygli um heim allan. Íslensku stuðningsmennirnir sem fjölmenntu til Frakklands gerðu sitt til að gera keppnina ógleymanlega og víkingaklappið vakti enn frekar athygli á íslenska liðinu. Á Íslandi snerist mest allt um fótbolta og gleðin yfir árangri liðsins var ósvikin hjá þjóðinni. Sigur gegn Englandi í fyrsta opinbera keppnisleik þjóðanna í knattspyrnu var stór áfangi og gladdi marga. Móttökurnar þegar heim var komið voru stórkostlegar, fólk fjölmennt og hyllti strákana frá flugvelli til Arnarhóls. Liðið hafði sannað sig í hópi þeirra bestu, gefið mörgum öðrum þjóðum von um þátttöku í framtíðinni og leikið heiðarlega af kappi til sigurs. Allir sem lögðu sitt af mörkum eiga þakkir skildar og stuðning þjóðarinnar ber að þakka.

En baráttan um sæti í úrslitakeppni HM 2018 í Rússlandi er hafin og strákarnir hafa farið vel af stað í sínum riðli. Það er þó mikið eftir og leikirnir sex á árinu 2017 skipta allir máli. Aðeins sigur í riðlinum gefur öruggt sæti í úrslitakeppninni en möguleiki er á sæti í umspili í nóvember ef lið okkar hafnar í 2. sæti í sínum riðli. Við vorum aðeins einu skrefi frá HM í Brasilíu en núna er tækifæri að ná alla leið og strákarnir ætla sér eitt af þrettán sætum Evrópu í HM í Rússlandi. Við fögnum ákvörðun FIFA að fjölga sætum í úrslitakeppni HM frá og með 2026 úr 32 í 48. UEFA mun væntanlega gera kröfu um 16 af þeim sætum, þ. e. eitt lið í hverjum riðli þannig að Evrópuþjóðir mætist í fyrsta lagi í 32 liða úrslitum.

Það verða verulegar breytingar á keppnisfyrirkomulagi í Evrópu hjá A landsliðum karla haustið 2018 þegar keppni hefst í Þjóðadeildinni (UEFA Nations League). Leikið verður í fjórum deildum og eins og staðan er í dag mun Ísland leika í B deild en góður árangur í leikjunum sex sem eftir eru í undankeppni HM getur hugsanlega lyft liðinu í A deildina. Í A deildinni munu 12 bestu landslið Evrópu taka þátt, í B deildinni 12 landslið flokkuð þar fyrir neðan, síðan í C deildinni næstu 15 landslið og í D deildinni 16 neðstu landsliðin skv. styrkleikalista UEFA. Hverri deild verður skipt í 4 riðla. Þjóðadeildin mun skila KSÍ auknum tekjum og því meiri því ofar sem við leikum en árangur okkar í keppninni mun ráða því í hvað styrkleikaflokki okkar lið verður þegar dregið verður í framtíðinni í riðla í undankeppni EM og HM.

Síðan halda breytingarnar áfram og undankeppni EM 2020 verður leikin að öllu leyti 2019, 2 leikir í mars, 2 í júní, 2 í september, 2 í október og 2 í nóvember. Leikjum getur þó fækkað í 8 ef Ísland leikur í 5 liða riðli en það verða fimm slíkir og aðrir fimm riðlar með 6 liðum hver í undankeppninni. Tvö efstu liðin í hverjum riðli komast í úrslitakeppnina, alls 20 lið, og síðan bætast við fjögur lið sem koma úr Þjóðadeildinni. Leikið verður í 13 borgum víðs vegar um Evrópu í úrslitakeppni EM 2020 í tilefni af því að þá verða 60 ára liðin frá fyrstu úrslitakeppni EM landsliða.

## 71. ÁRSPING KSÍ ÞINGGERÐ

Þær breytingar sem fyrr eru raktar hafa kallað á skoðun á vallarmálum landsliða Íslands. Fyrst er að telja að Laugardalsvöllur er í hópi þeirra leikvanga í Evrópu sem reka lestina þegar litið er á gæði þeirra leikvanga sem notaðir eru fyrir landsleiki í álfunni. Það hafa einfaldlega orðið gríðarlegar framfarir í Evrópu á síðasta áratug á þessu sviði. Í annan stað er veðurfar á Íslandi þannig að heimaleikir í mars og nóvember eru alls ekki ákjósanlegur kostur við núverandi aðstæður. Nýr eða endurbyggður leikvangur fyrir landslið Íslands er nauðsynlegur til að skapa skilyrði fyrir árangur í alþjóðlegri keppni og til vaxtar fyrir KSÍ. Án framfara á þessu sviði getur íslensk knattspyrna dregist aftur úr í harðri samkeppni.

Í þriðja sinn í röð heldur A landslið kvenna í úrslitakeppni EM sem að þessu sinni fer fram í Hollandi næsta sumar. Í fyrsta sinn verða liðin í úrslitakeppninni 16 talsins og er það merkur áfangi fyrir knattspyrnu kvenna í Evrópu sem endurspeglar vöxt íþróttarinnar. Stelpunar tryggðu sér sæti með sigri í sínum riðli, unnu sjö leiki en töpuðu aðeins einum. Ljóst er, að fjöldi stuðningsmanna mun fylgja liðinu til Hollands þar sem liðið mun leika í riðli með landsliðum Frakklands, Sviss og Austurríkis. Í apríl verður síðan dregið í riðla í undankeppni HM kvenna en leikirnir hefjast í september 2017. Leikið verður í 7 fimm liða riðlum í undankeppninni, sigurvegarar riðlanna komast í úrslit en þau fjögur lið í 2. sæti í riðlunum sem bestum árangri ná leika um eitt sæti, áttunda sæti Evrópu. Úrslitakeppnin HM verður haldin í Frakklandi 2019 og þangað stefnir íslenska landsliðið.

Það leit lengi vel út fyrir að Íslandi tækist að vinna sér sæti í úrslitakeppni EM U21 2017, en á síðustu stundu misstu strákarnir tókin í lokaleik riðilsins sl. haust og biðu ósigur á heimavelli eftir að hafa verið 1-0 yfir í hálfleik gegn Úkraínu. Liðið fluttist við það úr fyrsta sæti í það þriðja. Ótrúlega svekkjandi niðurstaða eftir frábæran árangur í undankeppninni. Dregið hefur verið í riðla í undankeppni EM 2019 en úrslitakeppnin fer fram á Ítalíu. Lið Íslands mun mæta landsliðum Spánnar, Slóvakíu, Albaníu, Eistlands og N-Írlands. Sigurvegari riðilsins kemst í úrslitakeppnina og liðið í 2. sæti á möguleika á umspilssæti. Önnur yngri landslið tók þátt í hefðbundnum verkefnum á Norðurlöndum og í Evrópumótum. U17 landslið karla lék í milliriðli sl. vetur og náði ágætum úrslitum en komst ekki áfram. Nýtt U17 landslið karla varð í 2. sæti Norðurlandamótsins en tókst ekki að fylgja þeim árangri eftir í undankeppni EM. U17 landslið kvenna lék í milliriðli sl. vetur og vann einn leik. Nýtt U17 landslið kvenna komst svo upp úr sínum riðli sl. haust í undankeppni EM og það gerði U19 landslið kvenna einnig. Stjórn KSÍ ákvað sl. haust að efla enn samstarf þjálfara yngri landsliða Íslands og tóku ráðningar nýrra þjálfara mið af þeirri ákvörðun en þeir verða flestir í fullu starfi við þjálfun og fræðslu á vegum KSÍ.

KSÍ skipulagið á sl. starfsári 5.361 leik í hinum ýmsu knattspyrnumótum og tóku 899 lið þátt í þeim. Þátttaka Íslands í úrslitakeppni EM í Frakklandi setti svip sinn á mótahaldið og var að mestu leyti gert hlé á því á meðan riðlakeppnin fór fram. Mótin eru kjarninn í starfsemi KSÍ á hverju ári og miklu skiptir að skipulag þeirra sé eins og best verður á kosið í samstarfi við aðildarfélögin sem framkvæma leikina. Fjölgun iðkenda síðastliðin ár innan vébanda KSÍ ber vitni um gott starf þar sem reynt er að skapa verkefni við hæfi fyrir sem flesta. Það er krefjandi verkefni að manna dómgæslu í öllum þessum leikjum og um leið að huga að því hvernig gæði hennar verði aukin. Aukin menntun og fræðsla þjálfara hefur hjálpað til að auka gæði leikmanna og betri leikvellar og mannvirki hafa hjálpað mikið þegar litið er til skemmtanagildis allra þessara kappleikja.

FH varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla annað árið í röð og Stjarnan í meistaraflokki kvenna. Valur varð bikarmeistari í meistaraflokki karla annað árið í röð og Breiðablik í meistaraflokki kvenna. Samstarf um Pepsi-deildir karla og kvenna hélt áfram við Ölgerðina og í fyrsta sinn fékk 1. deild karla samstarfsaðila og nefndist Inkasso-deildin. Borgun hf. hélt einnig áfram samstarfi um Borgunarbikarinn. Nýir samningar við 365 miðla tryggðu fleiri beinar sjónvarpsútsendingar og meiri umfjöllun frá keppni í mótum á vegum KSÍ en nokkru sinni fyrr. Stjórn KSÍ óskar öllum sigurvegurum sl. árs til hamingju með góðan árangur. Bókin Íslensk knattspyrna kom út í 36. sinn á sl. ári og sem fyrr er fjallað ýtarlega um íslenska knattspyrnu í henni í máli og myndum – hún er í reynd árbók íslenskrar knattspyrnu skrifuð af Víði Sigurðssyni.

Íslandsmeistari í mfl. karla 2017 mun taka þátt í undankeppni meistaradeildar UEFA og hefja leik um mitt sumar 2018 með nýju fyrirkomulagi. Falli liðið úr leik í umferðum undankeppninnar flyst það yfir í næstu umferð undankeppni Evrópu deildarinnar og leikur þar við meistaralið frá öðru landi sem einnig er fallið úr leik – liðið er því öruggt með 4 Evrópu leiki. Þetta er nokkur breyting en fleiri breytingar verða frá og með keppnistímablinu 2018/19 í Evrópu sem m. a. snúa að fjölda liða með öruggt sæti í meistaradeild UEFA. Undankeppni meistaradeildarinnar

mun aðeins skila 6 liðum í riðlakeppni deildinnar, þ. e. 26 lið fá öruggt sæti eftir styrkleikaröðun. Í undankeppni Evrópudeildarinnar fara 3 íslensk félagslið 2018 eins og fyrr. Þau munu keppa við 141 félagslið sem ekki eru meistara í sínum löndum um aðeins 13 sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar. Þessar breytingar eiga að auka tekjur af þessum mótum úr 2,3 milljörðum evra í 3,2 milljarða á ári. Þetta mun skila stærstu félagsliðum álfunnar auknum tekjum, íslenskum félögum sem taka þátt einhverri hækkun sem þó hefur ekki komið skýrt fram hver verður og síðan er ekki gert ráð fyrir hækkun til minnstu félaganna, þ. e. félaga eins og á Íslandi sem leika í efstu deild. Þetta snýr að barna- og unglingastyrk UEFA. Ég hef í tvígang gert athugasemdir við það á fundum UEFA frá því í haust og hafa forystumenn UEFA sagt ætla að skoða málið. Þetta er að mínu viti réttlætismál.

Hefðbundnu fræðslustarfi fyrir þjálfara, dómara, eftirlitsmenn og fleiri var sinnt af kappi. Hæfileikamótun, knattspyrnskóli, markvarðarskóli, þjálfaraskóli, átak fyrir efnilega unga dómara og grasrótarkerfni, allt var þetta á dagskrá í fjölpætttri starfsemi KSÍ. Endurnýjun leikvalla og ný knattspyrnumannvirki af ýmsum tagi voru á borði margra aðildarféлага og ljóst að tími framkvæmda er kominn eftir stöðnum í kjölfar fjármálahrunsins. Í ár verða liðin 70 ár frá stofnun Knattspyrnusambands Íslands. Að því tilefni hefur stjórn KSÍ fengið Sigmund Ó. Steinarsson til að rita sögu kvennknattspyrnunnar á Íslandi og mun bókin koma út í haust. Þar með lýkur heildaritun allrar sögu íslenskrar knattspyrnu en áður hefur KSÍ gefið út 4 bækur því tengdu á undanförunum árum. Sögunni er viðhaldið og heimildirnar um íslenska knattspyrnu varðveittar. Á afmælisárinu mun KSÍ halda Norðurlandamót drengjalandsliða og fara riðlarnir tveir fari fram á Suðurlandi og Suðurnesjum. Auk þess mun KSÍ halda árlegan fund formanna og framkvæmdastjóra knattspyrnusambanda Norðurlanda í Reykjavík.

Rekstur KSÍ endurspeglar mikla starfsemi og þátttökuna í úrslitakeppni EM 2016 í Frakklandi. Rekstrarhagnaður var af hefðbundinni starfsemi upp á rúmar 860 m.kr. Eftir ráðstöfun til aðildarféлага og með tilliti til fjármagnsliða var niðurstaðan hagnaður upp á 317,2 m.kr. Fjárhagsstaða KSÍ er traust við þessi tímamót.

Síðasta ár var sennilega það besta í sögu KSÍ innan sem utan vallar. Ógleymanlegar minningar eru margar um sigra og skemmtilegar stundir á vellinum og stuðningur áhorfenda var stórkostlegur. Krafturinn og dugnaðurinn í forystufólki íslenskrar knattspyrnu er einstakur. Þið eigið hrós skilið fyrir ykkar miklu og óeingingjörnu störf.

Starf við knattspyrnu fyrir áhugamann um leikinn hafa verið forréttindi. Starfið í KSÍ hefur ávallt verið krefjandi og oftast ánægjulegt. Ég hef látið verkin tala í störfum mínu frá fyrsta degi, en ávallt haft hugfast gildi jöfnuðar og mikilvægi þess að KSÍ standi vörð um íþróttina um land allt. Árangur hefur náðst með óþrjótandi vinnu með sýn á framfarir og trú á árangur. Við keppum við þjóðir Evrópu í knattspyrnu og einstaka sinnum við þjóðir utan álfunnar. Til þess að ná árangri í þeirri keppni þurfum við góðar hugmyndir, góðan rekstur og gott fólk í lykilhlutverkum – og auðvitað leikmenn og þjálfara í fremstu röð.

En nú er komið að kveðjustund hjá mér. Ég hef unnið fyrir KSÍ í tæpan aldarfjórðung, hóf störf sem skrifstofustjóri í desember 1992 og hef setið alla stjórnarfundir síðan. Ég tók við sem framkvæmastjóri KSÍ 1997 og sem formaður KSÍ 2007. Ég vil þakka fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt í mínum störfum. Ég þakka bæði Ellerti B Schram og Eggerti Magnússyni forverum mínum í starfi formanns. Ég sat með Ellerti í stjórn eitt ár og starfaði svo með Eggerti í 15 ár. Ég þakka öllum þeim sem hafa starfað með mér í stjórn og nefndum KSÍ fyrir afar farsælt samstarf. Þið eigið heiður skilinn fyrir ómetanleg störf fyrir íslenska knattspyrnu. Starfsfólki KSÍ þakka ég fyrir einstakt samstarf. Allmargir núverandi starfsmenn KSÍ hafa starfað með mér í yfir 20 ár. Kærar þakkar fyrir ykkar frábæru störf og kærar þakkar fyrir mig. Þið hafið sýnt mér og KSÍ einstaka tryggð. Forystumönnum aðildarféлага KSÍ þakka ég fyrir gott samstarf og traust í langan tíma, sumir hafa verið til staðar í öll þessi 25 ár og eru enn að. Ég hef lagt mig allan fram um að auka veg íslenskrar knattspyrnu, gert það af heilindum og heiðarleika, af ábyrgð og með hagsmuni heildarinnar í huga. Ég kveð formannsstarfið í KSÍ sáttur.

Árspaning KSÍ er vettvangur til umræðu og breytinga. Við hittumst hér til að ræða saman formlega, en ekki síður til þess að spjalla saman með óformlegum hætti. Staða íslenskrar knattspyrnu er sterkari en nokkru sinni þegar ég segi 71. árspaning Knattspyrnusambands Íslands sett.

### Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár

Formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, afhenti viðurkenningar:

- Grasrótarverðlaun KSÍ og UEFA til Einherja.
- Viðurkenningu fyrir dómaramál til Breiðabliks.
- Háttvísisviðurkenningu (Kvennabikarinn) í Pepsi-deild kvenna til ÍA.
- Háttvísisviðurkenningu í 1. deild kvenna til Gróttu.
- Háttvísisviðurkenningu (Dragostytta) í Pepsi-deild karla til Fjölnis.
- Háttvísisviðurkenningu (Dragostytta) í 1.deild karla til Grindavíkur.
- Háttvísisviðurkenningu í 2. deild karla til Aftureldingar.
- Háttvísisviðurkenningu í 3. deild karla til Reynis Sandgerði.
- Háttvísisviðurkenningu í 4. deild karla til Ýmis.

Alla jafna veitir KSÍ jafnréttisviðurkenningu og fjölmiðlaverðlaun á ársþingi en sökum staðsetningar var brugðið á það ráð að veita þessar viðurkenningar fyrir ársþing.

- Jafnréttisviðurkenningu KSÍ til Tólfunnar.
- Fjölmiðlaverðlaun KSÍ 2016 til Sjónvarps Símans og Harðar Magnússonar hjá Stöð 2 Sport.

---

### Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalin í kjörbréfanefnd og voru þau sjálfkjörin:

Feldís Óskarsdóttir ÍBR, formaður  
Leifur Gunnlaugsson, ÍRB  
Örn Gunnarsson, ÍA  
Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

### Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Guðmundur H. Pétursson
  2. þingforseti: Steinn Halldórsson
- og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki. Þingforseti tók því næst við þingstjórn.

### Þingforseti bar fram tillögu um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson
  2. þingritari: Dagur Sveinn Dagbjartsson
- og voru þeir báðir samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

### Ávörp gesta

Helga Steinunn Guðmundsdóttir, varaforseti ÍSÍ, bar þingheimi kveðjur frá formanni og stjórn ÍSÍ. Hún sagði síðasta ár hafa verið einstakt íþróttarár og lýsti þeim áhrifum sem árangur A-landsliðs karla í knattspyrnu hefði haft á þjóðfélagið. Þjóðin hefði þjappað sér saman í kringum landsliðið. Helga Steinunn lýsti tilhlökkun með komandi sumar þegar kvennalandsliðið mun leika í úrslitakeppni EM í Hollandi. Hún gat stóraukinna fjárframlaga frá ríkinu í afrekssjóð ÍSÍ og sagði það hafa mikla breytingu í för með sér fyrir afreksíþróttir á Íslandi. Helga Steinunn sagði það vera talsverð tímamót þegar Geir Þorsteinsson léti af formennsku í Knattspyrnusambandinu, en óhætt væri að segja að nýr formaður tæki við góðu búi. Að lokum sæmði hún Geir Þorsteinsson gullmerki ÍSÍ fyrir störf hans sem formaður KSÍ til margra ára.

Zoran Lakovic, fulltrúi Knattspyrnusambands Evrópu, flutti ávarp. Zoran kom á framfæri kveðju frá nýkjörnum forseta UEFA Aleksander Čeferin og hrósaði jafnframt Íslandi fyrir aðdáunaverðan árangur innan sem utan vallar. Ef ástríða, vinna og þekking væri fyrir hendi væru engin takmörk á því sem hægt væri að gera. Hann ræddi um að árangur Íslands væri fyrirmynd annarra þjóða, árangur landsliðanna, menntun þjálfara, bætt aðstaða o.fl. Zoran afhenti Geir gjöf frá UEFA fyrir góð störf og sagði að þrátt fyrir að Geir væri að ljúka störfum hjá KSÍ myndi hann áfram gegna veigamiklum og mikilvægum störfum hjá UEFA.

**Álit kjörbréfanefndar**

Feldís Óskarsdóttir flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HHF (1): Páll Vilhjálmsson.

Frá HSB (1): Samúel Samúelsson.

Frá HSH (5): Jónas Gestur Jónasson, Magnús Gylfason, Hilmar Hauksson, Vigfús Örn Gíslason og Sigurbjörg Jónsdóttir.

Frá HSK (7): Adolf I Bragason, Jón S. Sveinsson, Sævar Þór Gíslason, Guðbjartur Örn Einarsson, Matthías Karl Þórisson, Viktor Steingrímsson og Hafþór Theodórsson.

Frá HSS (1): Jóhann Króknes Torfason.

Frá HSV (3): Ragnar Heiðar Sigtryggsson, Júlíus Ólafsson og Hákon Hermannsson.

Frá HSP (4): Júlíus Guðni Bessason, Sigurgeir Ágúst Stefánsson, Þorsteinn Þormóðsson og Gísli Oddgeirsson.

Frá ÍA (5): Magnús Guðmundsson, Sævar Þráinsson, Örn Gunnarsson, Hulda Baldursdóttir og Gísli Gíslason.

Frá ÍBA (8): Eiríkur Jóhannsson, Sævar Pétursson, Helga S. Guðmundsdóttir, Ágúst Stefánsson, Valdimar Pálsson, Inga Huld Pálsdóttir, Óðinn Svan Óðinsson og Þóra Þorleifsdóttir.

Frá ÍBH (9): Jón Rúnar Halldórsson, Valdimar Svavarsson, Viðar Halldórsson, Birgir Jóhannsson, Jón Björn Skúlason, Jón Erlendsson, Halldór Garðarsson, Elías Atlason og Guðrún Bjarnadóttir.

Frá ÍRB (5): Jón G. Benediktsson, Gunnar Oddsson, Karl Finnbogason, Jón Einarsson og Leifur Gunnlaugsson.

Frá ÍBR (42): Kolbeinn Kristinsson, Kári Arnórsson, Einar Hermannsson, Árni Hermannsson, Þórður Gíslason, Halldór Steinsson, Jón Þór Júlíusson, Hafsteinn Steinsson, Kristinn Kjærnested, Jónas Kristinsson, Gísli Hall, Þorlákur Björnsson, E. Börkur Edvardsson, Guðni Bergsson, Haraldur Daði Ragnarsson, Lárus Sigurðsson, Haraldur Haraldsson, Heimir Gunnlaugsson, Friðrik Magnússon, Katla Guðjónsdóttir, Haraldur Bjarnason, Þórir Hákonarson, Þorsteinn Þorsteinsson, Brynjar Jóhannesson, Valtýr Björn Valtýsson, Júlíus Guðmundsson, Helgi Óttarr Hafsteinsson, Feldís Óskarsdóttir, Guðni Már Egilsson, Ísleifur Gissurarson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Matthías Ímsland, Björn Ívar Björnsson, Atli Jónsson, Hjalti Pálsson, Guðjón Guðmundsson, Elvar Geir Magnússon, Sigurður Pálsson, Leifur Hreggviðsson, Ríkharð Óskar Guðnason, Sigurður Sighvatsson og Helgi Þorsteinsson.

Frá UÍF (1): Kristján Ragnar Ásgeirsson.

Frá ÍBV (5): Páll Almarsson Hjarðar, Haraldur Pálsson, Haraldur Bergvinsson, Jón Óli Daníelsson og Hjalti Kristjánsson.

Frá ÍS (8): Jónas Karl Þórhallsson, Helgi Bogason, Jón Þór Hallgrímsson, Sigurður Halldórsson, Marteinn Ægisson, Guðlaug Sigurðardóttir, Grétar Einarsson og Andri Þór Ólafsson.

Frá UDN (1): Pálmi Jóhannsson.

Frá UÍA (10): Magnús Ásgrímsson, Björgvin St. Pétursson, Guðmundur A. Hjálmarsson, Daníel Geir Moritz, Ívar Sæmundsson, Brynjar Skúlason, Sveinn Ágúst Þórsson, Huginn Helgason, Helgi Níelsson og Svavar V. Stefánsson.

Frá UMSE (1): Stefán Garðar Níelsson.

Frá UMSB (1): Jakob Skúlason.

Frá UMSK (25): Borghildur Sigurðardóttir, Eysteinn Pétur Lárusson, Halldór Arnarsson, Ólafur Hrafn Ólafsson, Gunnar Guðni Leifsson, Þórhallur Siggeirsson, Kristinn Ingi Lárusson, Valdemar Einarsson, Magnús Örn Helgason, Sölvi Snær Magnússon, Baldur Már Bragason, Ósk Kristinsdóttir, Þorvaldur Gísli Kristinsson, Jón Júlíus Karlsson, Bjarki Már Sverrisson, Valdimar Leó Friðriksson, Sigurjón Jónsson, Björgvin Júníusson, Lárus Guðmundsson, Gunnar Þorbergur Gylfason, Algirdas Slapikas, Mikael Nikulásson, Victor Ingi Olsen, Hjörvar Hafliðason og Egill Einarsson.

Frá UMSS (2): Bergmann Guðmundsson og Hrannar Leifsson.

Frá USAH (1): Stefán Þórarinn Ólafsson.

Frá USÚ (2): Kristján S. Guðnason og Gunnar Ingi Valgeirsson.

Frá USVH (1): Pétur Pétursson.

Enginn mætti frá USVS.

Fyrirnefndir 149 fulltrúar (af 153) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt.

## 71. ÁRSÞING KSÍ ÞINGGERÐ

**Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz**, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar, sem einnig var að finna í gögnum þingfulltrúa og á netinu. Hún vakti sérstaka athygli á umfjöllun um UEFA A þjálfaranámskeið fyrir konur, fjölgun iðkenda á milli ára 2014 og 2015 og sagði að forvitnilegt verði að sjá hverjar tölurnar verða fyrir árið 2016.

**Gjaldkeri KSÍ, Gylfi Þór Orrason**, lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Hann benti m.a. á að KSÍ greiddi 72 milljónir króna í tryggingagjald og væri ekki ónýtt ef hægt væri að beina þeim fjármunum til að lækka ferðakostnað félaga.

### Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:

Viðar Halldórsson tók til máls. Hann gerði neikvæða umræðu um landsliðsnefnd karla að umræðuefni og sagði að KSÍ hefði ekki staðið nægilega vel við bakið á fulltrúum í nefndinni. Svör hefði vantað úr Laugardalnum.

Valdimar Leó Friðriksson tók til máls. Hann þakkaði fyrir ágæta skýrslu og Geir fyrir störf hans síðustu áratugi. Valdimar ræddi einnig um þá umræðu sem hefur átt sér stað um KSÍ og landsliðsnefndina. Honum finnst að bæta megi upplýsingagjöf og svör við gagnrýni.

Haraldur Haraldsson tók til máls. Hann sagði að knattspyrnuhreyfingin mætti vera stolt af reikningum sambandsins. Haraldur óskaði hins vegar eftir því að upplýsingar og sundurliðun á reikningum yrðu sendar út fyrir en gert er.

Gylfi Þór Orrason tók til máls og tók undir með Valdimar og Viðari. Honum þótti ómaklega vegið að landsliðsnefndinni og var sammála því að gera mætti betur í að svara gagnrýni. Gylfi minntist sömuleiðis á að í hópi starfsmanna KSÍ væri mikill auður og bað þingheim um að standa á fætur og klappa fyrir starfsmönnum KSÍ.

Fleiri tóku ekki til máls.

**Reikningar sambandsins voru samþykktir einróma.**



## Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 19

Tillögur á þingskjölum 6 til 19 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

## Þingskjal 6 – Fjárhagsáætlun

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu og lagði hún fram nýtt þingskjal, 6b, sem var lagfæring á þingskjali 6.

## Þingskjal 6

## Fjárhagsáætlun 2017

Rekstrartekjur	Skýr.	Áætlun 2017	Raun 2016	Áætlun 2016
Styrkir og framlög	1	757.500.000	2.513.663.766	1.725.000.000
Tekjur af landsleikjum		170.000.000	69.618.770	63.000.000
Sjónvarpsréttur		320.000.000	331.647.770	370.000.000
Aðrar rekstrartekjur		38.900.000	37.699.006	30.900.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		70.500.000	68.737.829	74.900.000
		<b>1.356.900.000</b>	<b>3.021.367.141</b>	<b>2.263.800.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Kostnaður við landslið	2	-643.055.400	-1.598.503.187	-1.109.645.000
Mótakostnaður		-168.700.000	-160.440.300	-159.600.000
Fræðslukostnaður		-39.200.000	-46.479.070	-48.900.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	-262.100.000	-232.620.690	-222.300.000
Húsnæðiskostnaður		-23.400.000	-21.734.271	-24.700.000
Annar rekstrarkostnaður		-11.000.000	-11.572.325	-13.100.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar		-71.711.000	-68.837.895	-70.140.000
Afskriftir		-21.000.000	-20.596.219	-15.000.000
		<b>-1.240.166.400</b>	<b>-2.160.783.957</b>	<b>-1.663.385.000</b>
<b>Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld</b>		<b>116.733.600</b>	<b>860.583.184</b>	<b>600.415.000</b>
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>				
Styrkir vegna Mannvirkjasjóðs KSÍ		35.000.000	40.800.000	35.000.000
Framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ		-35.000.000	-40.800.000	-35.000.000
Fjármagnsliðir		12.000.000	17.564.964	22.000.000
		<b>12.000.000</b>	<b>17.564.964</b>	<b>22.000.000</b>
<b>Hagnaður/tap ársins</b>		<b>128.733.600</b>	<b>878.148.148</b>	<b>622.415.000</b>
<b>Greiðslur til aðildarfélaga</b>		<b>-128.000.000</b>	<b>-560.897.374</b>	<b>-413.000.000</b>
<b>Niðurstaða eftir greiðslur til aðildarfélaga</b>		<b>733.600</b>	<b>317.250.774</b>	<b>209.415.000</b>

## 71. ÁRSÞING KSÍ ÞINGGERÐ

	Áætlun 2017	Raun 2016	Áætlun 2016
<b>1. Styrkir og framlög</b>			
ÍSí	42.500.000	38.753.717	33.000.000
Getraunir	6.000.000	5.517.374	6.000.000
UEFA	389.000.000	2.235.029.050	1.506.000.000
FIFA	220.000.000	116.238.075	100.000.000
Ýmsir styrkir	100.000.000	118.125.550	80.000.000
	<b>757.500.000</b>	<b>2.513.663.766</b>	<b>1.725.000.000</b>
<b>2. Kostnaður við landslið</b>			
A-landslið karla	266.587.500	1.311.040.954	808.800.000
U-21 landslið karla	45.193.500	37.086.361	43.000.000
U-19 landslið karla	26.059.400	12.902.245	15.500.000
U-17 landslið karla	42.659.400	33.492.832	35.100.000
A-landslið kvenna	141.937.500	123.259.369	113.550.000
U-19 landslið kvenna	33.317.500	15.336.605	14.445.000
U-17 landslið kvenna	38.507.800	27.727.865	32.250.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	48.792.800	37.656.956	47.000.000
	<b>643.055.400</b>	<b>1.598.503.187</b>	<b>1.109.645.000</b>
<b>3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Launakostnaður	159.000.000	137.326.540	122.500.000
Launatengd gjöld	28.600.000	26.502.643	27.300.000
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	74.500.000	68.791.507	72.500.000
	<b>262.100.000</b>	<b>232.620.690</b>	<b>222.300.000</b>

## Þingskjal 6b

## Fjárhagsáætlun 2017

	Skýr.	Áætlun 2017	Raun 2016	Áætlun 2016
<b>Rekstrartekjur</b>				
Styrkir og framlög	1	757.500.000	2.513.663.766	1.725.000.000
Tekjur af landsleikjum		170.000.000	69.618.770	63.000.000
Sjónvarpsréttur		320.000.000	331.647.770	370.000.000
Aðrar rekstrartekjur		38.900.000	37.699.006	30.900.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		70.500.000	68.737.829	74.900.000
		<b>1.356.900.000</b>	<b>3.021.367.141</b>	<b>2.263.800.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Kostnaður við landslið	2	-643.055.400	-1.598.503.187	-1.109.645.000
Mótakostnaður		-168.700.000	-160.440.300	-159.600.000
Fræðslukostnaður		-39.200.000	-46.479.070	-48.900.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	-242.100.000	-232.620.690	-222.300.000
Húsnæðiskostnaður		-23.400.000	-21.734.271	-24.700.000
Annar rekstrarkostnaður		-11.000.000	-11.572.325	-13.100.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar		-71.711.000	-68.837.895	-70.140.000
Afskriftir		-21.000.000	-20.596.219	-15.000.000
		<b>-1.220.166.400</b>	<b>-2.160.783.957</b>	<b>-1.663.385.000</b>
<b>Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld</b>		<b>136.733.600</b>	<b>860.583.184</b>	<b>600.415.000</b>
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>				
Styrkir vegna Mannvirkjasjóðs KSÍ		35.000.000	40.800.000	35.000.000
Framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ		-35.000.000	-40.800.000	-35.000.000
Fjármagnsliðir		12.000.000	17.564.964	22.000.000
		<b>12.000.000</b>	<b>17.564.964</b>	<b>22.000.000</b>
<b>Hagnaður/tap ársins</b>		<b>148.733.600</b>	<b>878.148.148</b>	<b>622.415.000</b>
<b>Greiðslur til aðildarfélaga</b>		<b>-128.000.000</b>	<b>-560.897.374</b>	<b>-413.000.000</b>
<b>Niðurstaða eftir greiðslur til aðildarfélaga</b>		<b>20.733.600</b>	<b>317.250.774</b>	<b>209.415.000</b>

## 71. ÁRSÞING KSÍ ÞINGGERÐ

	Áætlun 2017	Raun 2016	Áætlun 2016
<b>1. Styrkir og framlög</b>			
ÍSí	42.500.000	38.753.717	33.000.000
Getraunir	6.000.000	5.517.374	6.000.000
UEFA	389.000.000	2.235.029.050	1.506.000.000
FIFA	220.000.000	116.238.075	100.000.000
Ýmsir styrkir	100.000.000	118.125.550	80.000.000
	<b>757.500.000</b>	<b>2.513.663.766</b>	<b>1.725.000.000</b>
<b>2. Kostnaður við landslið</b>			
A-landslið karla	266.587.500	1.311.040.954	808.800.000
U-21 landslið karla	45.193.500	37.086.361	43.000.000
U-19 landslið karla	26.059.400	12.902.245	15.500.000
U-17 landslið karla	42.659.400	33.492.832	35.100.000
A-landslið kvenna	141.937.500	123.259.369	113.550.000
U-19 landslið kvenna	33.317.500	15.336.605	14.445.000
U-17 landslið kvenna	38.507.800	27.727.865	32.250.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	48.792.800	37.656.956	47.000.000
	<b>643.055.400</b>	<b>1.598.503.187</b>	<b>1.109.645.000</b>
<b>3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Launakostnaður	139.000.000	137.326.540	122.500.000
Launatengd gjöld	28.600.000	26.502.643	27.300.000
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	74.500.000	68.791.507	72.500.000
	<b>242.100.000</b>	<b>232.620.690</b>	<b>222.300.000</b>

Skýring: Villa var í útsendri fjárhagsáætlun á þingskjali 6, stór hluti launatengdra gjalda var tvítalinn og bæði færður sem launakostnaður og launatengd gjöld. Það hefur verið leiðrétt og heildarniðurstaða fjárhagsáætlunar leiðrétt sem því nemur. Því er gert ráð fyrir hagnaði upp á 20.773.600.

### Stjórn KSÍ

Haraldur Haraldsson (Víkingur R.) tók til máls. Hann spurði hvort verið væri að tekjufæra sölu á mótsmiðum á síðasta ári yfir á þetta ár.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, svaraði Haraldi. KSÍ yfirfærði um 18 m.kr. af sölu mótsmiða af síðasta ári yfir á þetta. Þessa sölu hefði mátt færa á síðasta ári, en ákvörðun um að færa sölu miðanna 2017 væri innan endurskoðunarviðmiða.

Árni Hermannsson (Fjöltnir) tók til máls. Hann spurði um tekjur af landsleikjum. Árni gagnrýndi jafnframt að KSÍ skuli ekki auglýsa störf þjálfara yngri landsliða og að KSÍ skuli sækja/taka þjálfara frá félögunum. Hann spurði

jafnframt um hver kostnaðurinn væri við að ráða þjálfara í fullt starf. Loks spurði Árni hvernig auknar tekjur væru til komnar af landsleikjum án þess að landsleikjum fjölgaði.

Geir svaraði því til að þetta væri auðvitað alltaf spurning um aðferðafræði. Félögin sjálf auglýstu ekki alltaf sínar stöður og önnur knattspyrnusambönd í Evrópu væru ekki von að auglýsa þessar stöður, heldur sæktu einfaldlega þá þjálfara sem þau vildu fá til starfa. Geir sagði einnig að erfitt væri að meta kostnað af því að ráða landsliðsþjálfara í fullt starf þar sem það sparaði til dæmis fræðslukostnað, en aukinn kostnaður við nýtt fyrirkomulag væri áætlaður um 10 m.kr.

Varðandi tekjur af landsleikjum sagði Geir að Ísland væri hærra skrifað en áður og það hefði auknar tekjur í för með sér af leikjum erlendis. Tekjur vegna landsleikja Íslands í Kína í janúar og gegn Mexíkó í febrúar hafði fært knattspyrnusambandinu umtalsverðar tekjur.

Fleiri tóku ekki til máls.

**Fjárhagsáætlun á þingskjali 6b var samþykkt einróma.**

**Pingskjal 7**

Jónas Gestur Jónasson (Víkingur Ó.) hafði framsögu.

**Tillaga til lagabreytingar**  
– Starfskjaranefnd KSÍ –

**Tillaga að breytingu á lögum KSÍ**

**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ, haldið í Vestmannaeyjum 11. febrúar 2017, samþykki að skipuð verði starfskjaranefnd KSÍ, sem ákvarði laun og starfskjör formanns KSÍ og stjórnar KSÍ eftir því sem ástæða er til hverju sinni. Inn komi nýr kafli í lög KSÍ, kafli XI og aðrir kaflar og ákvæði fái númer í samræmi.

**XI Starfskjaranefnd**

40.grein - Skipan

- 40.1 Starfskjaranefnd KSÍ er sjálfstæð nefnd, skipuð þremur fulltrúum og einum til vara. Allir nefndarmanna skulu vera óháðir stjórn og æðstu stjórnendum sambandsins, kjörnum og ráðnum.
- 40.2 Starfskjaranefnd skal kosin á ársþingi KSÍ og situr til tveggja ára.

41.grein - Hlutverk

- 41.1. Hlutverk starfskjaranefndar verði eftirfarandi:
1. Að setja sambandinu starfskjarastefnu varðandi laun og starfskjör formanns sambandsins og stjórnarmanna þess. Starfskjarastefnuna skal bera undir stjórn KSÍ til samþykktar.
  2. Að undirbúa og leggja fram tillögur að kjörum stjórnar og að semja við formann KSÍ um laun, viðmiðun launabreytinga og önnur starfskjör.
  3. Að leggja fram tillögu um aukagreiðslur fyrir stjórn sambandsins eða aðila innan stjórnar standi efni til slíkra greiðslna.
  4. Að setja reglur um allar aðrar greiðslur til handa stjórnarmönnum s.s. dagpeninga og útlagðan kostnað.
- 41.2. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk og verkefni nefndarinnar.

42.grein – Fundargerðir

- 42.1 Starfskjaranefnd skal halda fundargerð um fundi sína þar sem ákvarðanir eru bókaðar og rökstuddar. Fundargerðirnar skal leggja fram á fundum stjórnar KSÍ.

**Breiðablik**  
**Víkingur Ólafsvík**

Jón Rúnar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann sagði að það passaði einfaldlega ekki að starfskjaranefnd ákveði laun formanns og stjórnar og stjórnin ætti svo að taka þá ákvörðun um það hvort samþykkja ætti niðurstöðu starfskjaranefndar eða ekki. Ef hún yrði sett á laggirnar yrði hún að vera alveg sjálfstæð.

Rúnar Arnarson úr stjórn KSI tók til máls. Hann sagði að stjórnarmenn ættu að vera menn til þess að ákveða laun formanns og standa fyrir þeirri ákvörðun á ársþingi KSI. Í þessum efnum ætti ekki að vera neitt pukur og allt uppi á borði.

Gísli Gíslason úr stjórn KSI tók til máls og sagði það vera ársþings að ákvarða laun formanns og stjórnar ef einhver væru. Hann sagðist meðmæltur starfskjaranefnd.

Örn Gunnarsson (ÍA) tók til máls. Örn telur að þessi tillaga sé skref í rétta átt en hann vill að það sé gert skýrar hvert hlutverk formanns KSI er og hvaða störfum hann sinni. Þá geti þingheimur tekið tillit til þess þegar laun séu ákveðin.

Fleiri tóku ekki til máls.

**Tillaga á þingskjali 7 náði ekki 2/3 hlutum atkvæða sem áskilið er til samþykkis varðandi breytingar á lögum, 75 voru meðmæltir tillögunni og 53 voru á móti. Tillagan var felld.**

## Þingskjal 8

Gísli Gíslason hafði framsögu.

### **Ályktunartillaga um skipun vinnuhóps** – Skipun vinnuhóps. Heildarendurskoðun laga KSÍ –

## Tillaga um skipun vinnuhóps

### *Tillagan hljóðar svo:*

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki að fela stjórn KSÍ að skipa fimm fulltrúa í starfshóp, sem fari yfir og endurskoði ákvæði laga KSÍ. Miðað verði við að niðurstaða starfshópsins verði kynnt á fundi formanna og framkvæmdastjóra í nóvember 2017 og hún síðan lögð fyrir ársþing KSÍ árið 2018.

**Stjórn KSÍ**

Tillaga á þingskjali 8 var samþykkt.



**Þingskjal 9**

Jón Björn Skúlason (Haukar) hafði framsögu.

**Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót**  
– U17 kvenna–

**Tillaga að breytingu á grein 15.7****Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki breytingar á grein 15.7 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með þeim hætti að leikjum í meistaraflokki kvenna hjá liðum sem eiga leikmenn sem valdir eru í U17 ára landslið kvenna, hvort sem um er að ræða æfinga- eða keppnisleik hjá landsliðinu, verði frestað og þeir færðir til ef landsleikur U17 kvenna verða til þess að leikmenn félagsliða geti ekki spilað leiki með félagsliðum sínum.

**Greinargerð**

Það er alþekkt að stúlkur byrja mun fyrr að spila með meistaraflokkum en drengir. Í dag er því þannig farið að ef U19 ára landslið eða eldra landslið er að leika þá er leikjum liða gjaldgengra leikmanna frestað og þeir færðir til. Þetta á ekki við um U17 ára landsliðið. Það er hins vegar ekki hægt að bera saman drengi og stúlkur á þessum aldri. Um 64 stúlkur á 3. flokks aldri, sem gjaldgengar eru í U17 ára landsliðið, léku fleiri en einn leik í 1. deild kvenna á árinu 2016 og 15 stúlkur úr sama aldurshópi léku í Pepsi-deild kvenna. Félög sem reiða sig mest á uppalda leikmenn geta orðið fyrir miklum skakkaföllum þegar 20-30% leikmanna úr byrjunarliði eru kallaðir í landsliðshóp.

**Haukar**

Róbert Agnarsson úr stjórn KSÍ tók til máls og benti á kosti hennar og galla. Hann benti m.a. á að tímabilið væri stutt og það gæti því verið erfitt að koma leikjum fyrir ef um marga leiki væri að ræða. Eins gæti árangur í bikarkeppni haft áhrif og eins setti þátttaka Íslands á EM kvenna í sumar strik í reikninginn.

**Tillaga á þingskjali 9 var samþykkt með 76 atkvæðum gegn 33.**

## Þingskjal 10

Þórir Hákonarson (Þróttur R.) hafði framsögu.

### Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Bikarkeppni KSÍ –

#### Tillaga að breytingu á greinum 23.2.6

##### **Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki breytingar á ákvæði 23.2.6 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Núgildandi ákvæði, sem er svohljóðandi:

*Aðalkeppnin (32-liða úrslit) skal hefjast eftir miðjan júní og hefja þá liðin sem leika í Pepsi-deild þátttöku. Mótanefnd skal jafnframt heimilt í vissum tilfellum að ákveða að leikur fari fram á hlutlausum velli ef rökstudd ósk þess efnis berst frá báðum aðilum sökum fjarlægðar.*

Verði svohljóðandi, breytingar feitletraðar:

*Aðalkeppnin (32-liða úrslit) skal hefjast eftir **miðjan apríl** og hefja þá liðin sem leika í Pepsi-deild þátttöku. Mótanefnd skal jafnframt heimilt í vissum tilfellum að ákveða að leikur fari fram á hlutlausum velli ef rökstudd ósk þess efnis berst frá báðum aðilum sökum fjarlægðar **eða annarra ástæðna**.*

##### **Greinargerð**

Þegar dagsetningu á úrslitaleik bikarkeppinnar var breytt og úrslitaleik flýtt yfir í ágústmánuð, í stað september/október áður, var ekki tekið nægjanlegt tillit til þess að flýta þyrfti aðalkeppni bikarsins til þess að auka svigrúm í niðurröðun leikja á Íslandsmóti. Liðum í deildum hefur verið fjölgað og þar með leikjum auk þess sem lið í Evrópukeppni geta átt von á því að leika fleiri leiki og því er mikilvægt að finna leiðir til þess að minnka álag og auka svigrúm á tímabilinu maí – október. Það er eðlilegt að leikir bikarkeppinnar fylgi þessu aukna álagi og þeim verði dreift á lengra tímabil.

**Breiðablik**  
**KR**  
**Víkingur Ólafsvík**

Róbert Agnarsson úr stjórn KSÍ tók til máls. Róbert taldi upp nokkra kosti og galla. Kostirnir væru þeir að þetta lengdi tímabilið. Gallarnir væru fyrst og fremst vallaraðstæður. Félög sem ekki hefðu upphitaða gervigrasvelli gætu þurft að spila heimaleiki fjarri sínum heimavelli.

Haraldur Daði Ragnarsson (Valur Reykjavík) tók til máls. Hann benti á galla í þingskjalinu því þar væri talað um Pepsi deild en réttara væri að tala um efstu deild.

Hjalti Kristjánsson (KFS) tók til máls. Hann var mótfallinn tillögunni af þeirri ástæðu að lið í neðri deildum væru síður tilbúin til leiks á þessum tíma. Hann sagði jafnframt að ef þessi tillaga yrði samþykkt, þá myndi það skemma rómantikina í sambandi við bikarkeppnina því minni líkur væru á að lið í neðri deildum myndu fá heimaleik gegn liðum í efstu deild.

Þórir Hákonarson (Þróttur R.) tók til máls. Þórir sagði að verið væri að breyta reglugerðinni í samræmi við raunveruleikann og til að auðvelda mótanefndinni störf við niðurröðun.

**Tillaga á þingskjali 10 var samþykkt með 72 atkvæðum gegn 50.**

**Þingskjal 11**

Haraldur Haraldsson (Víkingsur R.) hafði framsögu.

### Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

– Ferðakostnaður í bikarkeppni KSÍ –

#### Tillaga að breytingu á greinum 23.2.10

##### **Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki breytingar á ákvæði 23.2.10 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Núgildandi ákvæði, sem er svohljóðandi:

*Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði.*

Verði svohljóðandi, breytingar feitletraðar:

*Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði **og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútuferðir á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun.***

Sambærilegar breytingar verði jafnframt gerðar við ferðakostnað í öðrum bikarkeppnum.

##### **Greinargerð**

Engin takmörk eru fyrir því hversu hár ferðakostnaður getur verið hjá aðkomuliði, skv. núgildandi grein, og býður það fyrirkomulag upp á að lið notfæri sér annan ferðamáta en þann sem það myndi annars nota ef kostnaður væri aðeins á annað liðið. Setja verður einhver takmörk fyrir því hversu hár ferðakostnaður liða getur verið í bikarkeppninni þannig að fyllstu hagkvæmni sé gætt.

**Breiðablik  
Víkingsur Ólafsvík  
Víkingsur R.**

Haraldur Pálsson (ÍBV) tók til máls. Hann benti á að ÍBV gæti ekki tekið rútu í sínar ferðir og lagði til að orðalagi yrði breytt og talað væri um rútur eða siglingu.

Jón Rúnar Halldórsson (FH) tók til máls. Jóni Rúnari finnst það afturför ef farið væri að miða við rútuferðir. Það væri ekki í samræmi við það að leikjum félaga væri að fjölga og tímabilið að þéttast, með bikarkeppni o.fl. Stundum væri nauðsynlegt að fara með flugi ef stutt væri á milli leikja. Hann var mótfallinn þessari tillögu.

Jóhannes Ólafsson úr stjórn KSÍ tók til máls. Hann benti á að þó samgöngur hafi lagast til Vestmannaeyja, þá væri Landeyjarhöfn oft á tíðum ófær. Og að þessi tillaga væri ekki til þess fallinn að auðvelda mótanefnd störfin ef til frestana kæmi þegar Landeyjarhöfn væri lokuð en mögulegt væri að fljúga.

Haraldur Pálsson (ÍBV) tók til máls og lagði fram breytingatillögu þess efnis að þessi tillaga ætti einnig að gilda fyrir siglingar, ekki eingöngu rútuferðir, þar sem ekki öll félög hafi tök á því að taka rútu frá sínum heimabæ:

Þingskjal 11b

**Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót**  
– Ferðakostnaður í bikarkeppni KSÍ –

**Tillaga að breytingu á greinum 23.2.10**

**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki breytingar á ákvæði 23.2.10 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Núgildandi ákvæði, sem er svohljóðandi:

*Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði.*

Verði svohljóðandi, breytingar feitletraðar:

*Venjulegur kostnaður við leiki, þ. e. 20% framkvæmdagjald til heimaliðsins, ferðakostnaður keppnisliða (fargjald fyrir allt að 22) og ferða- og upphaldskostnaður dómara greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði **og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútuþyrtingu og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun.***

Sambærilegar breytingar verði jafnframt gerðar við ferðakostnað í öðrum bikarkeppnum.

**Greinargerð**

Engin takmörk eru fyrir því hversu hár ferðakostnaður getur verið hjá aðkomuliði, skv. núgildandi grein, og býður það fyrirkomulag upp á að lið notfæri sér annan ferðamáta en þann sem það myndi annars nota ef kostnaður væri aðeins á annað liðið. Setja verður einhver takmörk fyrir því hversu hár ferðakostnaður liða getur verið í bikarkeppninni þannig að fyllstu hagkvæmni sé gætt.

ÍBV

Tillaga á þingskjali 11b var samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

**Þingskjal 12**

Jón Einarsson (Njarðvík) hafði framsögu.

## Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – 2. flokkur karla –

**Tillaga að breytingu á grein 25****Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki breytingar á grein 25. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Í grein 25 verði tekið upp sambærilegt bráðabirgðaákvæði og hefur verið í gildi undanfarin tvö ár fyrir 2. flokk venna, sbr. 33. gr. í sömu reglugerð.

Bráðabirgðaákvæðið yrði svohljóðandi fyrir árið 2017:

*„Heimilt er að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki karla, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu (karlar fæddir 1995, 1996 og 1997) og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.“*

**Greinargerð**

Með breytingum þessum myndu fleiri lið halda úti 2. flokki í karlabolta. Þetta væri tækifæri fyrir félögin að halda úti breiðum hóp til keppni jafnvel þó æfingahópur í 2. flokki væri ekki nægilega stór til að ná í lið. Lið hafa verið að nota 3. flokks leikmenn. Með breyttu ákvæði væri hægt nota þrjá leikmenn, sem hafa ekki byrjað inn á í undangengnum mfl. leik hjá félaginu og eru undir 23 ára aldri, í leikjum með 2. flokki félagsins. Hægt væri með þessu móti að taka 2-3 leikmenn úr 3. flokki og svo þrjá leikmenn úr mfl. Þannig væri búið að manna hálflið í 2. flokki ef með þarf. Oft eru þessir þrír leikmenn það sem upp á vantar svo hægt séð halda úti starfi í 2. flokki. Þrír leikmenn sem ekki hafa spilað leik/leiki á undan í mfl. félagi á 2.- eða 3. deild, hafa ekki alltaf haft gott tækifæri að sýna hvað í þeim býr. Þeir lenda mikið í því að sitja bara á bekknum en það er ekki mikið um að þessi lið í 2.- og 3. deild séu með b-lið, 1. flokk eða spili æfingaleiki þegar út í Íslandsmótið er komið. Þetta myndi veita þessum leikmönnum sem verma tréverkið kærkomið tækifæri að sýna þjálfurum mfl. í 2.- og 3. deild hvað í þeim býr. Flestir eru að æfa með það að markmiði að spila reglulega. Leikmenn 2. flokks fengu þannig tækifæri að spila gegn öflugum leikmönnum sem gengnir eru upp úr 2. flokki. Það gerir leiki í 2. flokki betri að gæðum og ætti að styrkja keppni í 2.flokki. Gríðarlega margir leikmenn sem eru gengnir upp úr 2. flokk hafa engan stað til að spila reglulega, hugsanlega flosna þeir upp og hætta. Með þessu væri tækifæri fyrir unga leikmenn að halda áfram að æfa og spila með 2. flokki. Þeir væru kannski ekki helstu afreksmenn stóru liðanna en margir mjög frambærilegir leikmenn sem æfa með meistaraflokkum 2.- og 3. deildar liða. Fyrir utan nokkur lið á landinu, eru flest lið í nokkrum vandræðum með að manna hóp í 2. flokki. Mörg lið geta sameinað æfingar að hluta til hjá 2. flokk og mfl. en eiga í vandræðum með að manna leikmannahóp. Þetta leysir úr þessu. Með þessu fyrirkomulagi skapast ákveðið hagræði hjá mörgum liðum, geta hugsanlega sameinað þjálfun 2. flokks og mfl. Það eru margir kostir við þetta fyrirkomulag.

**Njarðvík**

Róbert Agnarsson úr stjórn KSÍ tók til máls. Róbert var sammála því að kostir tillögunnar væru að þetta myndi auðvelda fámennum félögum og einnig fengju varamenn í meistaraflokki fleiri tækifæri. Hann benti jafnframt á að sama neyð væri ekki til staðar í 2. flokki karla og að þessi tillaga væri til þess fallin að eldri leikmenn myndu taka sæti frá efnilegum strákum í 2. flokki karla.

**Tillaga á þingskjali 12 var felld með þorra atkvæða.**

### Þingskjal 13

Magnús Örn Helgason (Grótta) hafði framsögu.

### Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Skráning liða eftir heppilegum getuflokkum –

#### Tillaga að breytingu á greinum 26 og 27

##### **Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki að eftirfarandi málslíðum verði bætt inn í 26. og 27. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót:

*Mótanefnd verði heimilt að veita undanþágu til þess að félög sem skrá aðeins tvö lið til keppni geti skráð þau sem A- og C-lið ef fyrir liggur rökstuðningur sem m.a. tekur mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum og skal sá rökstuðningur fylgja þátttökutilkynningu. Ennfremur getur mótanefnd kallað forsvarsmenn félags sem sækir um undanþágu á fund og beðið þá um að gera nánari grein fyrir rökstuðningnum.*

Skrái félag ekki B-lið til keppni getur C-lið þess ekki tekið þátt í úrslitakeppni viðkomandi flokks.

#### Tillaga að breytingu á greinum 28 og 36

##### **Tillagan hljóðan svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki að eftirfarandi málslíðum verði bætt inn í 28. og 36. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót:

*Mótanefnd er heimilt að veita undanþágu til þess að félög sem skrá aðeins þrjú lið til keppni geti skráð þau sem A-, B-, og D-lið ef fyrir liggur rökstuðningur sem m.a. taki mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum og skal sá rökstuðningur fylgja þátttökutilkynningu. Ennfremur getur mótanefnd kallað forsvarsmenn félags sem sækir um undanþágu á fund og beðið þá um að gera nánari grein fyrir rökstuðningnum.*

*Einnig gildir að félög sem skrá aðeins tvö lið til keppni geti skráð þau sem A- og C-lið þegar ekki er leikið í flokki D-liða.*

*Skrái félag ekki C-lið til keppni getur D-lið þess ekki tekið þátt í úrslitakeppni viðkomandi flokks. Enn fremur getur C-lið félags sem ekki teflir fram B-liði ekki tekið þátt í úrslitakeppni viðkomandi flokks (á við þegar ekki er leikið í flokki D-liða).*

##### **Greinargerð**

Eitt af helstu markmiðum íþróttáþjálfunar í yngri flokkum er að finna iðkendum vettvang þar sem þeir æfa með og keppa við aðra iðkendur á svipuðu getustigi. Með því móti má ætla að áskoranirnar verði hæfilega krefjandi og góðar líkur á að iðkandinn taki framförum og líði vel með íþróttaiðkun sína. Flest íslensk knattspyrnufélög hafa þetta markmið að leiðarljósi í þjálfun sinni en í mótum sem haldin eru af aðildarfélögunum er iðulega lögð vinna í að finna liðum heppilegan getuflokk til að keppa í.

Á Íslandsmótum KSÍ eru reglurnar hins vegar strangari. Ef að félag teflir fram tveimur liðum skulu það vera A- og B-lið þó að einnig sé keppt í C- og jafnvel D-liðum í viðkomandi flokki. Þetta fyrirkomulag getur orðið til þess að leikir verði afar ójafnir og þá sérstaklega þegar getuminnstu iðkendum minni félaga leika við öflugra B-liðs leikmenn stærri félaganna.

Tillagan sem hér er lögð fram getur orðið til þess að ójöfnum leikjum fækkar á Íslandsmótinu og á því græða allir. Það hefur lítinn knattspyrnulegan ávinning í för með sér að tapa með gríðarlegum mun og getur slíkt haft slæm áhrif á andlega hlið iðkenda til lengdar.

Það er ljóst að heiðarleiki þjálfara skiptir sköpum þegar heimilt er að „sleppa úr“ liði. Á hverju einasta sumri, í mótum á vegum aðildarfélaganna, koma upp tilvik þar sem þjálfarar vanmeta lið sín og skrá þau í of lágan getuflokk með tilheyrandi uppþoti. Mikilvægast er þó að horfa til þess að í langflestum tilvikum tekst getuskipting á mótum vel og er það ekki síst þjálfurunum að þakka. Við teljum því að treysta ætti yngri flokka þjálfurum og yfirmönnum þeirra til að sækja um undanþágur fyrir lið sín um að leika í lægri getuflokki þegar það á sannarlega við.

### Gróttta

**Tillaga á þingskjali 13 var samþykkt samhljóða.**

## Þingskjal 14

Þórhallur Siggeirsson (Stjarnan) hafði framsögu.

### Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – 5. flokkur karla og kvenna –

#### Tillaga að breytingu á grein 28 og 26

##### **Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki breytingar á grein 28 og 36 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Að 5. flokkur karla og kvenna skuli spila í 8 manna liðum á Íslandsmótinu í knattspyrnu í stað þess að spila í 7 manna liðum, sbr. núgildandi ákvæðum 28 og 36 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Spilað yrði áfram eftir sömu reglum og viðmiðum og nú gilda um knattspyrnu í 7 manna liðum nema að því leyti að 8 leikmenn myndu leika í stað 7.

Lagt er til við stjórn KSÍ að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á öðrum reglugerðum KSÍ, ef við á, verði tillaga þessi samþykkt.

##### **Greinargerð**

Í faxaflóamóti í 5. flokki árið 2015/2016 var leikið í fyrsta skipti eftir 7 manna reglum KSÍ en með 8 leikmenn í liði. Ákveðið var vegna mikillar ánægju með mótafyrirkomulagið að halda því áfram faxaflóamótið 2016/2017.

Hægt er að finna í íslenskri rannsókn niðurstöður um að snertingum leikmanna eða sendingum í leiknum fækki ekki fyrir vikið, sem gefur okkur vísbendingar að breytingin hafi ekki áhrif á tækniþætti leiksins. Hins vegar telja yngri flokka þjálfarar að auðveldara sé að tengja leikfræði þætti betur við 11 manna boltann með 8 leikmenn innanborðs.

Leikið er í 8 manna liðum víðsvegar um heiminn eins og í Belgíu og Danmörku. Við teljum að áður nefnd breyting á reglugerði stuðli að aukinni framþróun knattspyrnunnar á Íslandi.

#### Stjarnan

Jón Ólafur Daníelsson (ÍBV) tók til máls. Jón Ólafur óskaði þess svo sannarlega að þessi tillaga yrði samþykkt. Þessi tillaga væri til þess fallinn að auka getu leikmanna.

Þórir Hákonarson (Þróttur R.) tók til máls. Hann taldi að tillaga sem þessi væri best til fallin að fjallað yrði um hana af fræðslunefnd en ekki á ársþingi KSÍ. Þórir lagði til að þingskjalinu yrði vísað til fræðslunefndar KSÍ og var sú tillaga felld.

Sigurður Þórir Þorsteinsson (ÍR) tók til máls. Sigurður Þórir fagnaði þessari tillögu og mælti með að tillagan yrði samþykkt.

**Tillaga á þingskjali 14 var samþykkt með meginþorra atkvæða.**



**Þingskjal 15**

Eysteinn Pétur Lárusson (Breiðablik) hafði framsögu.

**Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– B lið í mfl. kvenna –**

**Tillaga að breytingu á grein 32****Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki að eftirfarandi málsgrein 32.1.12 verði bætt við grein 32 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

*„Þrátt fyrir ákvæði greinar 13.2, er félögum heimilt að skrá til leiks í deildakeppni Íslandsmóts varalið í meistaraflokki kvenna. Skal liðið bera heiti félags en stafurinn B koma þar á eftir. Hlutgengi með varaliði hafa allir leikmenn sem skráðir eru í félagið nema þeir 11 leikmenn sem leikið hafa flesta leiki með aðalliði á sama leiktímabili og þeir leikmenn sem byrjuðu síðasta leik aðalliðs á undan viðkomandi varaliðsleik. Varalið getur ekki unnið sér sæti í efstu deild en um það gilda annars almennar reglur.“*

**Greinargerð**

Sumarið 2016 léku þrjú venslalið í keppni 1. deildar kvenna og ljóst er að áhuginn á að veita öllum leikmönnum verðug verkefni er til staðar hjá fleiri félögum. Nauðsynlegt er fyrir eðlilega framþróun félaganna að gefa fleiri ungum leikmönnum, hvort sem þeir hafa náð meistaraflokksaldri eða ekki, færi á að keppa við krefjandi aðstæður og undirbúa þá þannig betur undir feril í meistaraflokki.

Eins og málum er nú háttað eru margir leikmenn sem missa hlutgengi sitt með 2. flokki vegna aldurs og eru ekki tilbúnir til þess að leika með meistaraflokki, þó svo þeir kunni að hafa burði til að gera það síðar, verkefnalausir hjá sínu félagi. Þeir leikmenn eru í raun knúnir til þess að yfirgefa uppeldisfélag sitt af þessum sökum eða hætta knattspyrnuíðkun. Í þessu er bæði fólgin mikil mannauðssóun og aukin hætta á brottfalli.

Ljóst er að tillagt fyrirkomulag skapar fleiri möguleika til keppni fyrir leikmenn á 2. flokks aldri, varamenn í meistaraflokki og leikmenn utan meistaraflokkshóps, en margar tillögur hafa verið lagðar fyrir ársþing KSÍ undanfarin ár til að bregðast við verkefnafæði þessa leikmannahóps. Með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til er ekki verið að finna upp hjólið. Svipað fyrirkomulag er í mörgum Evrópulöndum, þar á meðal í Þýskalandi og á Spáni. Ef Ísland ætlar sér að eiga leikmenn og landslið sem standast þeim bestu snúning í framtíðinni er mikilvægt að hlúa vel að ungum leikmönnum og breiðari hópi leikmanna en raun ber vitni eins og sakir standa. Þessi leikmenn þurfa að fá sem flest verkefni við hæfi.

**Breiðablik  
Stjarnan  
Valur**

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann taldi tillöguna vera mannauðssóun. Og taldi að það ætti að vera eins í karlaboltanum og í kvennboltanum. Þetta kæmi í veg fyrir eðlilega færslu leikmanna. Hann taldi að leikmönnum frá þessum félögum væri betur borgið með því að leika fyrir önnur félög, það myndi gera önnur félög betri og samkeppnina meiri.

Gunnar Leifsson (Stjarnan) tók til máls. Hann byrjaði á stuttri stöku um Vestmannaeyjar. Gunnar útskýrði sjónarmið Stjórnunnar í þessu máli. Stjarnan hélt úti liði Skínanda á síðasta ári og það fól í sér að stúlkur sem tóku þátt í því verkefni voru ekki gjaldgengar í 2. flokki Stjórnunnar og það hafi komið fyrir að meistaraflokkur félagsins náði ekki

## 71. ÁRSÞING KSI ÞINGGERÐ

að fullmanna leikmannahóp. Hann mælti með að þessi tillaga yrði samþykkt.

Jón Björn Skúlason (Haukar) tók til máls. Jón Björn tók undir með Viðari í þessu máli. Hann sagði að þetta myndi draga enn fleiri leikmenn frá smærri liðunum til þeirra stærri.

Jón Ólafur Daníelsson (ÍBV) tók til máls. Jón Ólafur sagði að honum hugnast það ekki að leikmenn spili með tveimur meistaraflokkum, A og B liðum. Að hans mati myndi þetta draga úr framförum í knattspyrnu kvenna. Lið af landsbyggðinni og minni liðin þurfi á því að halda að fá leikmenn frá þeim stærri. Jón Ólafur mælti með að þessi tillaga yrði felld.

**Tillaga á þingskjali 15 var felld með meginþorra atkvæða.**

**Þingskjal 16**

Þórhallur Siggeirsson (Stjarnan) hafði framsögu.

**Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– 2. flokkur kvenna –**

**Tillaga að breytingu á grein 33****Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki breytingar á grein 33.1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

**Núgildandi ákvæði, sem er svohljóðandi:**

*„Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.“*

Verði svohljóðandi, breytingar feitletraðar:

*„Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir. **Leikmaður sem leikið hefur sem varamaður í liði 1, hefur heimild til að leika með liði 2 strax í næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.**“*

**Greinargerð**

Annar flokkur kvenna hefur verið fámennur og átt undir högg að sækja undanfarin ár. Við höfum séð að mörg lið þurfa að sameinast til að taka þátt. Nokkur félög eru þó í þeirri stöðu að vera með fjölda iðkenda í rúmlega eitt lið. Ekkert lið hefur þó tekið á skarið og sent tvö lið til leiks enda ofangreind núgildandi regla mikill flöskuháls í því samhengi. Það eru því stelpur sem fá lítið af verkefnum og margar hætta í greininni. Við teljum að áðurnefnd breyting á reglugerðinni stuðli að auknum líkum að sjá tvö lið frá félögum í Íslandsmóti og þannig styrkja stöðu 2. flokks kvenna í knattspyrnu-uppeldi íslenskra stúlkna á Íslandi.

**Stjarnan**

Róbert Agnarsson úr stjórn KSÍ tók til máls. Róbert sagði að almennt séð væri skortur á leikmönnum í 2. flokki og því hafi verið samþykkt tillaga á sínum tíma um að senda mætti eldri leikmenn til leiks í 2. flokki kvenna.

**Tillaga á þingskjali 16 var felld með 57 atkvæðum gegn 43.**

### Þingskjal 17

Samúel Samúelsson (Vestri) hafði framsögu.

## Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

– Leikmannssamningar í 2. deild karla –

### Tillaga að breytingu á grein 14.5

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki breytingar á grein 14.5 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga með eftirfarandi hætti:

Núgildandi ákvæði 14.5, sem er svohljóðandi:

*„Aðeins félögum í Pepsi-deild karla, 1. deild karla og í Pepsi-deild kvenna er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila í Pepsi-deild karla, en þriggja keppnistímabila í 1. deild karla og Pepsi-deild kvenna, sbr. þó næstu grein.“*

Verði svohljóðandi, breytingar feitletraðar:

*„Aðeins félögum í Pepsi-deild karla, 1. deild karla, **2. deild karla** og í Pepsi-deild kvenna er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila í Pepsi-deild karla, en þriggja keppnistímabila í 1. deild karla, **2. deild karla** og Pepsi-deild kvenna, sbr. þó næstu grein.“*

### **Greinargerð**

Margir af þeim leikmönnum sem leika í 2.deild karla þéna yfir kr. 300.000,- á ári en ekki eru til samningar í regluverki KSÍ sem henta þeim leikmönnum. Heilir 28 erlendir leikmenn léku í 2. deild karla í knattspyrnu á árinu 2016. Samningar sem gerðir eru við viðkomandi leikmenn sem hljóða upp á hærri greiðslur en kr. 300.000,- á ári eru því ólöglegir samkvæmt reglum KSÍ. Við óskum þess vegna eftir því að breytingar verði gerðar á reglu 14.5 þannig að lið í 2. deild karla í knattspyrnu geti samið löglega við leikmenn sína og skilað inn samningi sem er viðurkenndur af sambandinu.

### Vestri

Örn Gunnarsson (ÍA) tók til máls. Hann sagði að til að fara þess leið þyrfti að skoða þetta með hliðsjón að því hvort setja ætti að leyfiskerfi á 2. deildina og hvort þetta hefði áhrif á hreyfingu leikmanna á milli deilda. Staðan væri óneitanlega skritin því ef lið fellur úr 1. deild falla samningar þeirra leikmanna sem eru á leikmannasamningi úr gildi en þeir sem eru á sambandssamningi eru enn í gildi. Örn sagði að taka bæri tillit til þarfa 2. deildar félaga, en skoða þyrfti málið betur ef tillaga sem þessi yrði samþykkt.

Tillaga á þingskjali 17 var samþykkt með þorra atkvæða.

**Þingskjal 18**

Samúel Samúelsson (Vestri) hafði framsögu.

**Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga**  
**– Tímabundin félagaskipti –**

**Tillaga að breytingu á grein 16.1****Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki breytingar á grein 16.1 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga með eftirfarandi hætti:

Núgildandi ákvæði 16.1 sem er svohljóðandi:

*„Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti til annars félags fyrir leikmann sem er á leikmannssamningi samkvæmt reglum KSÍ“*

Verði svohljóðandi, breytingar feitletraðar:

*„Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti til annars félags fyrir leikmann sem er á leikmannssamningi **eða sambandssamningi** samkvæmt reglum KSÍ.“*

**Greinargerð**

Félög sem gera sambandssamninga við unga leikmenn geta ekki lánað þá frá sér samkvæmt núgildandi reglugerð. Til þess þurfa leikmenn að vera á leikmannssamningum, sem einungis félögum í Pepsi-deild karla og kvenna og Inkasso-deild karla er heimilt að gera. Við hjá knattspyrnudeild Vestra óskum eftir því að geta lánað þá ungu leikmenn sem við gerum sambandssamninga við. Til að mynda þá getur Vestri ekki lánað leikmenn til Harðar þar sem flestir ungir leikmenn eru á sambandssamningum.

**Vestri**

Örn Gunnarsson (ÍA) tók til máls. Örn leggur til að þess tillaga verði felld því hún sé óheimil samkvæmt regluverki FIFA.

**Tillaga á þingskjali 18 var felld.**

### Þingskjal 19

Geir Þorsteinsson formaður og Pétur Marteinson frá fyrirtækinu Borgarbragur höfðu framsögu.

#### Ályktunartillaga – Laugardalsvöllur –

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki að heimila stjórn KSÍ að halda áfram að kanna möguleika á endurbótum og/eða uppbyggingu á Laugardalsvelli þannig að leikvangurinn geti þjónað landsliðum Íslands í alþjóðakeppni. Leitað verði leiða til að ná samkomulagi við eiganda vallarins, Reykjavíkurborg, með aðkomu ríkisins þannig að uppbygging og rekstur vallarins til framtíðar geti verið fjárhagslega hagkvæmur fyrir KSÍ. Leiði könnunin og viðræður við ríki og borg til jákvæðrar niðurstöðu skal stjórn KSÍ boða til formannafundar þar sem málið verði kynnt áður en frekari skref verða tekin.

#### **Greinargerð**

Stjórn KSÍ hefur sl. misseri látið vinna hagkvæmisathugun á endurbótum og/eða uppbyggingu á Laugardalsvelli með það að markmiði að völlurinn geti þjónað landsliðum Íslands í framtíðinni. Frá og með árinu 2019 verður undankeppni A landsliða karla í Evrópu með nýju sniði og leikið verður innan almanaksárs í stað haust til haust fyrirkomulags eins og verið hefur sl. áratugi. Í stuttu máli þýðir þetta tveir leikir í mars, tveir í júní, tveir í september, tveir í október og tveir í nóvember. Sökum veðurfars á Íslandi eru mikil vandkvæði með heimaleiki í mars og nóvember.

Ráðgjafafyrirtækið Borgarbragur og alþjóðlega fyrirtækið Lagardère hafa unnið ofangreinda hagkvæmisathugun í þremur þrepum. Það er mat ofangreindra aðila að besta lausn þess vanda sem við er að glíma sé yfirbyggður leikvangur sem getur hýst ýmis konar viðburði á sviði íþróttar, menningar og viðskipta t.d. sýningarhald. Fjármögnum slíks leikvangs og rekstur byggir á hugmyndum um aukið byggingarmagn í nágrenni vallarins sem geri verkefnið fjárhagslega hagkvæmt fyrir mögulega fjárfesta.

Frá upphafi hefur það verið leiðarljós stjórnar KSÍ að rekstur nýs leikvangs hafi ekki neikvæð áhrif á rekstur Knattspyrnusambands Íslands og mögulegt er að KSÍ verði aðeins leigutaki fyrir landsleiki í framtíðinni. Staða Laugardalsvallar er hins vegar sú að leikvangurinn er aftarlega í röðinni þegar keppnisvöllir fyrir landslið í Evrópu eru skoðaðir.

#### Stjórn KSÍ

Eftir að Geir Þorsteinsson hafði farið yfir keppnisfyrirkomulag í undankeppnum UEFA og FIFA á næstu árum, þá tók Pétur Marteinson frá Borgarbrag til máls. Pétur fjallaði um hugmyndir að byggingu nýs Laugardalsvallar og fór ítarlega yfir feril málsins frá því að fyrst var farið að kanna málið, stöðuna eins og hún er núna og hvað væri framundan.

**Tillaga á þingskjali 19 var samþykkt samhljóða.**

**Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.**

Jóhannes Ólafsson kynnti niðurstöður starfshóps um félagaskipti og samninga.

Á 70. ársþingi KSÍ var samþykkt að skjóta tillögum á þingskjöllum númer 14, 15 og 19 til starfshóps sem fjalla átti um þessar tillögur og hugsanlegar breytingar á þeim.

Tillaga á þingskjali 19 (2016): Starfshópurinn var sammála um að þetta væri ekki hægt og fellst ekki á þá breytingu að kalla megi leikmenn til baka eftir 31. júlí.

Tillögur á þingskjöllum 14 og 15 (2016): Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að KSÍ verði að fylgja reglugerð FIFA þess efnis að ræða megi við leikmenn sex mánuðum áður en samningi þeirra lýkur. Tillaga starfshópsins er þannig að 30. júní megi félög ræða við leikmenn sem renna út á samningi um áramót.

**Önnur mál.**

Yfirlit yfir reglugerðarbreytingar. Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hvatti félögin eindregið til að kynna sér þær reglugerðarbreytingar sem sendar hafa verið félögunum.

Afreksstefna KSÍ. Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður KSÍ, fjallaði um þá vinnu sem hefur farið fram frá síðasta ársþingi í mótun afreksstefnu KSÍ. Boðað var til vinnufundar í janúar 2017 þar sem fulltrúar um 40 félaga komu saman til að vinna að mótun afreksstefnunnar. Guðrún Inga fór yfir niðurstöður fundarins og þær ábendingar sem félögin höfðu fram að færa og hvert framhaldið verður. KSÍ mun á vormánuðum halda svokallað UEFA A Elite Youth námskeið þar sem megin þemað verður þjálfun efnilegustu leikmanna og áfram verður fjallað verður um afreksstefnu KSÍ.

Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður KSÍ, flutti tillögu stjórnar um að Geir Þorsteinsson yrði gerður að heiðursformanni KSÍ. Tillagan var samþykkt með langvinnu lófataki og risu þingfulltrúar úr sætum.

Jón Rúnar Halldórsson og Viðar Halldórsson (FH) tóku til máls. Viðar sagði sögu af Geir þar sem Geir dæmdi leik í 1. flokki hjá FH og gaf Fimleikafélaginu fjórar vítaspyrnur í leiknum og Viðari hans fyrsta og eina gula spjald á ferlinum. Jón Rúnar tók við keflinu og afhenti Geir A-passa sem bakhjarl FH og frítt á leiki félagsins. Og afhenti honum jafnframt stytta til eignar.

### Kosningar

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

Í kjörnefnd eru:

Steinn Halldórsson, ÍBR formaður

Jónas Gestur Jónasson, HSH

Magnús Guðmundsson, ÍA

Kosning formanns KSÍ til tveggja ára:

Eftirtaldir gáfu kost á sér til kosningar formanns KSÍ:

Björn Einarsson, Reykjavík

Guðni Bergsson, Reykjavík

Frambjóðendur gerðu stuttlega grein fyrir sér og sínum hugmyndum.

Var því næst gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig að:

Björn Einarsson hlaut 66 atkvæði

Guðni Bergsson hlaut 83 atkvæði

Guðni Bergsson var því réttkjörinn formaður KSÍ til tveggja ára og var hylttur með lófaklappi. Guðni hélt því næst stutta þakkarræðu og sagðist stoltur af því að fá að feta í fótspor Geirs Þorsteinssonar og þakkaði honum góð störf fyrir hreyfinguna. Guðni sagðist telja að hreyfingin stæði sterkari eftir umræður síðustu vikna. Guðni sagðist myndu gera það sem hann gæti til að standa sig í starfi formanns.

### Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Eftirtaldir átta aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn:

Borghildur Sigurðardóttir, Kópavogi

Einar Hermannsson, Reykjavík

Guðmundur Torfason, Reykjavík

Guðrún Inga Sívertsen, Reykjavík

Magnús Gylfason, Hafnarfirði

Reynir Vignir, Reykjavík

Róbert Agnarsson, Reykjavík

Vignir Már Þormóðsson, Akureyri

Frambjóðendur gerðu stuttlega grein fyrir sér.

Var því næst gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig að:

Borghildur Sigurðardóttir hlaut 74 atkvæði

Einar Hermannsson hlaut 18 atkvæði

Guðmundur Torfason hlaut 51 atkvæði

Guðrún Inga Sívertsen hlaut 123 atkvæði

Magnús Gylfason hlaut 76 atkvæði

Reynir Vignir hlaut 19 atkvæði

Róbert Agnarsson hlaut 66 atkvæði

Vignir Már Þormóðsson hlaut 101 atkvæði



Guðrún Inga Sívertsen, Vignir Már Þormóðsson, Magnús Gylfason og Borghildur Sigurðardóttir voru því réttkjörin í stjórn KSÍ til tveggja ára.

#### Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda og var það samþykkt:

Vesturland	Jakob Skúlason, UMSB
Norðurland	Björn Friðbjólfsson, UMSE
Austurland	Magnús Ásgrímsson, UÍA
Suðurland	Tómas Þóroddsson, HSK

#### Kosning til varastjórnar til eins árs

Eftirfarandi gáfu kost á sér í varastjórn KSÍ sem voru sjálfkjörinir:

Ingvar Guðjónsson, ÍS  
Jóhann Króknes Torfason, HSV  
Kristinn Jakobsson, UMSK

#### Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda og var það samþykkt:

Vesturland	Vigfús Örn Gíslason, Vesturland
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Bjarni Ólafur Birkisson, UÍA
Suðurland	Trausti Hjaltason, ÍBV

#### Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttaping til stjórnar KSÍ var samþykkt.

#### Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn:	Dýri Guðmundsson Haukur Gunnarsson
Varamenn:	Eggert Steingrímsson Þór Símon Ragnarsson

#### Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörinir:

Aðalmenn:	Sigurður G. Guðjónsson Guðmundur Pétursson Lúðvík Örn Steinarsson
Varamenn:	Brynjar Níelsson Guðmundur Þórðarson Hörður Felix Harðarson Jóhannes Albert Sævarsson Kolbeinn Árnason

#### Kosning í leyfisráð KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörinir til tveggja ára:

Lúðvík Georgsson, formaður  
Eggert Steingrímsson  
Guðmundur H. Pétursson  
Stefán Bergsson  
Stefán Orri Ólafsson

### Kosning í leyfisdom KSI

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir til tveggja ára:

Heimir Örn Herbertsson

Jón Gunnlaugsson

Ómar Smárason

Ragnar Gíslason

Rúnar Gíslason

### Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSI

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir til tveggja ára:

Gunnar Guðmundsson, formaður

Halldór Frímannsson, varaformaður

Sigurður Ingi Halldórsson, varaformaður

Einar M. Árnason

Helgi R Magnússon

Sigrún Óttarsdóttir

Sigurður Guðmundsson

Pröstur Ríkharðsson

### Kjörnefnd

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Steinn Halldórsson ÍBR, formaður

Jónas Gestur Jónasson, HSH

Magnús Guðmundsson, ÍA

### Endurskoðandi

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson sem endurskoðanda KSI og var hann sjálfkjörinn.

### Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

### Þingslit

Guðmundur H. Pétursson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Hann fól að því loknu Guðna Bergssyni formanni að slíta þinginu. Guðni þakkaði fulltrúum fyrir gott þing og sleit 71. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.



**Guðmundur H. Pétursson**

1. þingforseti



**Ágúst Ingi Jónsson**

1. þingritari



**Steinn Halldórsson**

2. þingforseti




**Dagur Sveinn Dagbjartsson**

2. þingritari

# Svipmyndir frá ársþingi KSÍ 2017





NO TO RACISM



RESPECT

UEFA.org